

13.11.2008
FMV.GenBroadcastPDF.Media

Björgólfur Guðmundsson

Við byrjum á Björgólfi Guðmundssyni sem er sestur hjá Sigmari.

Sigmar Guðmundsson: Björgólfur velkominn í Kastljós.

Björgólfur Guðmundsson, fyrrverandi aðaleigandi og stjórnarformaður Landsbankans: Takk fyrir.

Sigmar: Við skulum byrja á þessu Icesave máli sem er náttúrulega búið að vera mikið hitamál, bæði hér í samfélaginu og svona þróast út í milliríkjadeilu á köflum. Þegar að þið farið af stað með Icesave veltuð þið því fyrir ykkur hver möguleg ábyrgð íslenskra ríkisins og íslenskra skattgreiðenda gæti orðið ef illa færi?

Björgólfur Guðmundsson: Auðvitað gerðum við það. Þegar við förum út í Icesave að þá erum við að, það er tekin ákvörðun um það að reyna að, vegna þess að þegar þú tekur fjármögnun banka þá er það annað hvort í langtímalánum eða þá innlánnum, á þessu byggist nú rekstur banka, og við sem sagt ákváðum að fara út í að reyna að gera innlánin að stærri hluta af fjármögnun bankans og þessi leið var valin sem að við völdum og við getum sagt að síðan var okkur hrósað mikið fyrir þetta, við fengum alltaf mikil hrós, bæði frá greinendum erlendis og annars staðar, að við værum búin að koma því svo fyrir að við værum trúlega sá banki hér á Íslandi sem að myndi standast best þau, áföll vegna þess að það var svo dreifð áhættan, dreifð áhætta. Þá förum við út í Icesave og menn halda bara að við höfum ákveðið að stofna Icesave og byrjað að auglýsa og tekið inn peninga og eins og þetta sé bakvið allt og alla. Ég held að það séu fáir atvinnuvegir sem eru undir ein miklu eftirliti og fjármáلامarkaðurinn og við erum, þurftum að sækja um leyfi, við þurftum að leggja fyrir okkar plön og vera undir eftirliti, þannig að þetta hefur alltaf verið gert í góðu sam, ja samkomulagi við eftirlitið hér, Fjármálaeftirlitið, fjármálaeftirlitið í Bretlandi og hvar sem við höfum komið ...

Sigmar: En gerðu þið ykkur grein fyrir því að þetta gæti, gerðu þið ykkur grein fyrir því að ef að illa færi að þá væri mögulegt að Íslendingar þyrftu að borga inn í framtíðina einhverja mögulega 600 milljarða króna bara út af bresku Icesave reikningunum?

Björgólfur Guðmundsson: Endurtaktu þetta.

Sigmar: Gerðu þið ykkur grein fyrir því að ef að illa færi að þá gætu íslenskir skattgreiðendur þurft að borga þessa Icesave reikninga í þeim mæli sem að nú stefnir í?

Björgólfur Guðmundsson: Ég veit ekki alveg hvernig þú sérð þetta. Á þriggja mánaða fresti er bankinn gerður upp og þá kemur alltaf í ljós eignir og skuldir og fram til seinasta dags, 30. núna 9. þá voru eignir töluvert meiri heldur en skuldir og þá er allt Icesave tekið með. Og ef þú skoðar málið í dag, og allt þetta um að Icesave sé að leggjast á þjóðina, það er einhver tilbúningur.

Sigmar: En Icesave er að leggjast á þjóðina með svolítið miklum þunga.

Björgólfur Guðmundsson: Hvernig þá? Hvernig?

Sigmar: Jú, við erum í milliríkjadeilu við Breta, við viljum ekki borga þessa Icesave reikninga upp í topp eins og hinar þjóðirnar vilja að við gerum og þetta getur verið einhverskonar reikningur til þjóðarinnar upp á næstu því þúsund milljarða. Þetta eru gríðarlegir peningar, þetta eru tvöföld, tvöföld fjárlög.

Björgólfur Guðmundsson: Má ég aðeins segja þér hvernig þetta gerist? Í dag, eins og ég sagði þér, eða 30.9. fyrst, þá voru eignir bankans helmingi meiri en þessir innlánsreikningar hjá Icesave, helmingi meiri. Jafnvel þó það rýrni eignirnar um helming þá eiga að vera til eignir til að borga Icesave.

Sigmar: Hvers konar eignir eru það?

Björgólfur Guðmundsson: Það eru eignir, skuldir hjá fyrirtækjum í bréfum og öllu því sem að banki tekur þátt í, við eigum 500 milljónir evra hjá þessum banka, við erum auðvitað að kaupa bankabréf, við erum að kaupa, lána mönnum sem sagt peninga til rekstrar og þetta eru peningarnir. Og í dag held ég að við séum að sjá fram á það að Landsbankinn, Landsbankinn varð aldrei gjaldþrota, Landsbankinn var aldrei gjaldþrota, Landsbankinn fór í greiðsluþrot. Vegna hvers? Við komum í Seðlabankann, við báðum hann um að, við þurftum að fá, við þurftum á gjaldeyrir að halda, við ættum íslenska peninga eða íslensk verðmæti, okkur vantaði gjaldeyrir. Hann var ekki til. Þannig að þetta byggist allt á því að við gátum ekki fengið gjaldeyrir til að borga og þú, þegar þú segir að þjóðin sé að taka á sig 600 milljónir þá er það ekki rétt, það er ekki rétt.

Sigmar: Bíddu, er þetta þá bara einhver almennur misskilningur hjá stjórnámálamönnum, ráðherrum, greiningaraðilum, hagfræðingum og þjóðinni allri að við séum að lenda í einhverjum meiriháttar vandræðum út af Icesave reikningunum?

Björgólfur Guðmundsson: Vandræðin eru ekki út af Icesave reikningunum sem slíkum, þeir eru út af lagasetningunni sem sett var, krísulögin sem sett var þau mismunandi þjóðum sem öðrum misbauð, Bretum og Hollendingum. Það var þannig að við, altsvo móðurbankinn hér og útibúin hans sem eru þá erlendis og hér á Íslandi að þau áttu sína viðskiptavinum. Lögin sögðu; við ætlum að tryggja það að íslensku innistæðueigendurnir að þeir myndu frá greitt en þeir sem höfðu lagt í útibúin hjá okkur úti fengu ekki greitt. Eins og við segðum; Reykvikingar fá sitt en Norðfirðingar ekki. Og þetta er það sem deilan stendur um, lagasetningin sjálf, ekki Icesave í sjálfu sér, lagasetningin Sigmar sem sagði til um það að við ætluðum að tryggja íslenskum innlánsiegendum sitt og hinir mættu eiga sig. Og þetta gengur ekki hjá síðuðum þjóðum.

Sigmar: En er þetta ekki svolítil afneitun á vandanum Björgólfur vegna þess að þið áttuð að vera löngu búnir að koma þessum Icesave reikningum í dótturfélag, þið eruð með þetta í útibú, ekki í dótturfélagi og þar liggur náttúrulega risastór munur.

Björgólfur Guðmundsson: Risastór munur er það að við vorum bæði með í Englandi dótturfélag og útibú. Herritable hann er sem sagt dótturfélag og hans innlán voru þar. Svo vorum við með útibú sem við vorum ekki búin að breyta í sem sagt yfir í breska kerfið, í maí

Sigmar: Og þar liggja, þar liggja ykkar mistök er það ekki?

Björgólfur Guðmundsson: Ég skal taka öllum mistökum og við höfum verið of seinir, en það seinasta sem mér datt í hug að þetta færi svona eins og fór.

Sigmar: Já en er það þá ekki staðreyndin að þið berið ábyrgð á þessu, því að það er byrjað að tala við ykkur í mars um það að setja þetta yfir í dótturfélag og á þeim tíma sem gerist eftir mars, bara til dæmis í maí, á meðan þið vitið að það er áhætta með Icesave vegna þess að það er ekki í dótturfélagi, þá farið þið í útrás með Icesave reikninga til Hollands, þið haldið áfram í útrásinni í Bretlandi og reikningarnir stækka og bólgna út. Er þetta ekki svolítið óábyrgt?

Björgólfur Guðmundsson: Við skulum segja að það sé óábyrgt, ég tek fulla ábyrgð á því, en ég veit ekki alveg hvaðan þú hefur þessar tölur því í byrjun árs 2008 og núna þá eru Icesave reikningarnir í sömu tölu. Við gerðum samkomulag við Bretana eða breska fjármálaeftirlitið í maí hvernig við ætluðum að haga okkar málum og þá ætluðum við að byrja á því að færa þetta yfir í dótturfélag, við ætluðum líka að reyna að halda, sem sagt að halda þessu niðri þannig að við færum ekki, við hækkuðum ekki, við vorum í 4,6 milljörðum punda og við gerðum það. Við vorum ekki að bjóða hærri vexti, við vorum held ég með 16. eða 17. sæti yfir hæstu vexti ...

Sigmar: En af hverju voruð þið ekki búnir að koma þessu í dótturfélag, það er alltaf spurningin?

Björgólfur Guðmundsson: Spurningin var sú að það sem tafði okkur, og við sjáum auðvitað eftir því núna að vera ekki búnir að því eða lagt meira á okkur eða, ég segi ekki lagt meira á okkur heldur að hafa ekki gert þetta fyrr, það var vegna þess að við höfðum aðra, ef þú, mismunurinn þarna á milli er sá að þú hefur þá frjálst flæði í gegnum útibúið og getur þá lánað til Íslands án þess að sækja um leyfi hjá breskum yfirvöldum. Ef þú ert með dótturfélag þá er það alveg undir þeirra stjórn. Og við vorum búin að ræða þetta við þá, þeir samningar sem við vorum með, í sambandi við lán og annað, það þurfti að breyta þeim töluvert til þess að við ætluðum að koma með eignir

til Englands á móti þessum innlánnum og það var bara samkomulag um að gera það á lengri tíma. Eina deilan var eiginlega sú á hvað skömmum tíma við gætum gert þetta.

Sigmar: En af hverju gátuð þið ekki gert þetta fyrr? Segir það okkur ekki bara það að eignasafnið ykkar hérna á Íslandi var þannig að þið gátuð ekki með góðu móti fært eignir yfir í breskt dótturfélag, var það ekki bara málið? Var ekki bara staða bankans verri heldur en að þið gáfuð upp?

Björgólfur Guðmundsson: Ja þú ert nú eiginlega að ásaka endurskoðendur þarna. Staðan held ég sé úttekin af öllum aðilum og staðan er hárrétt eins og hún var. Lánin, það sem við vorum hræddir við var það að það myndu breytast lánaskilmálar á ýmsum lánnum ef við færðum þetta yfir, að við yrðum kannski að borga af, vextir myndu breytast, að lánin sjálf þau eru auðvitað, ef við myndum fara í stórkostlegar breytingar þá þyrftum við að endursemjja um ýmsa hluti og ...

Sigmar: Hefði það ekki verið áhættunnar virði fyrir íslenska þjóð í dag?

Björgólfur Guðmundsson: Það er alveg hárrétt hjá þér, það gæti verið það, en þú ert að tala enn um að þjóðin verði fyrir skaða. Ef að svo er ...

Sigmar: Það er tilfinning allrar þjóðarinnar Björgólfur og held ég allra sem eru í stjórnámálum og fylgjast með að þjóðin sé að verða fyrir skaða út af þessum reikningum. Geturðu afneitað því?

Björgólfur Guðmundsson: Ja ég, sko ef að það er rétt þá þykir mér það mjög miður. En uppgjörið sem er gert, ég verð auðvitað að byggja á uppgjörum, ég er bankaráðsmaður, ég er ekki rekstraraðilinn og þær tölur og það sem ég fæ það er auðvitað það eina sem ég get farið eftir. Og þegar ég skoða það að þá er meira en nóg til af eignum til að veða á móti þessu og þú segir að við verðum fyrir skaða og það er uppgjör í dag. Ég held að hérna það er búið að búa til ákveðið mál, við eigum eignir upp í IceSave sem að gætu verið meiri heldur en IceSave.

Sigmar: Það er mjög óljóst, það er mjög óljóst. Við erum væntanlega að fá lán frá Bretum upp á 600 milljarða. Þið segið að það séu eignir á móti en það er mjög óljóst hvernig þær skila sér inn?

Björgólfur Guðmundsson: Nei, ja óljóst, auðvitað vitum við ekki nákvæmlega hvernig þær skila sér inn, það gæti skilað sér í töluvert meiri og hærri upphæð. Vegna þess að þú ert að miða við sko verðmæti þessara eigna á tíma sem að er allt annar heldur en í dag. Þær eru væntanlega mikið verðminni í dag?

Björgólfur Guðmundsson: Uppgjörið í dag, 30.9, þetta er auðvitað alltaf gert á þeim tíma og á því verði og því gengi sem er á hverjum tíma. Þannig að það er náttúrulega ekki gott að segja að það sé einhver allt annað sem ... Í dag lítur dæmið þannig út fyrir mér eins og mér er sagt að eignir bankans og þær voru það 30.9 og þær eru það í dag þegar búið er að gera að þá séu þær meira en fyrir IceSave málinu. Það er, en hitt er annað mál alveg eins og hérna að við þurfum að leggja þessar eignir fyrir, við þurfum að taka lán á móti og svo gengur lánið eins og það innheimtist inn í greiðsluna. Það getur komið meira út úr því, það getur komið minna. Ég þori ekkert að lofa neinu. En fyrir mér er málið þannig að við eigum ekki að verða fyrir neinu tjóni. Hvað eigum við eftir þetta? Bankinn var tekinn, bankinn var ekki gjaldþrota.

Sigmar: Nei, en hann fór í greiðsluþrot og það er nú nánast það sama og þegar að fyrirtæki verður gjaldþrota. Banki í greiðsluþroti er ekki starfhæfur.

Björgólfur Guðmundsson: Ef að þú ferð til sólarlanda, kemur inn á hótelið, átt íslenska peninga til að borga hótelsreikninginn og maðurinn segir nei, ég vil ekki íslenska peninga. Hvað gerirðu þá? Við fórum í Seðlabankann til þess að fá erlenda peninga og fengum þá ekki. Greiðsluþrot og greiðslu eða gjaldþrot það eru tveir ólíkir hlutir. Gjaldveyririnn okkar, við fengum ekki gjaldeyri, við áttum 500 milljónir evra sem við vorum að reyna að fá frá lífeyrissjóðunum. Fengum það ekki.

Sigmar: Já, en hvernig, bara svo að við förum nú frá IceSave og yfir í önnur mál. Hvernig hérna, hvert er þitt mat á því af hverju íslenska fjármálakerfið og íslenskt samfélag er komið í þessa stöðu?

Björgólfur Guðmundsson: Ég vil aðeins ljúka þessu með IceSave, ég tel og er mjög svona sannfærður, auðvitað er ég sannfærður vegna þess að ég þekki tölurnar. Og ég vonast svo innilega til að þjóðin verði ekki fyrir neinu áfalli út af þessu. Það eru eignir sem eru töluvert meiri og ef að Bretarnir aflétta frystingunni í Bretlandi þá eigum við töluvert miklar eignir fyrir þessu úti í Bretlandi. Deilan snérist um eitt Sigmar, hún

snérist um það að þeir neituðu því að við mættum sem sagt setja Íslendinga í sérhóp en þeir sem væru í útibúinu í Englandi í annan hóp. Það er það sem að.

Sigmar: Þannig að þú ert í raun og veru þá að varpa ábyrgðinni af IceSave algjörlega yfir á stjórnvöld og neyðarlögin en segir að þið eigið ekki hlutdeild þar að. Skil ég það rétt?

Björgólfur Guðmundsson: Við eigum alla hlutdeild í öllu, ég tek alla ábyrgð á mig.

Sigmar: Og hver er hún?

Björgólfur Guðmundsson: Hver er hún?

Sigmar: Já, þín ábyrgð?

Björgólfur Guðmundsson: Já, mín ábyrgð er sú að illa fór og ef það kemur út að við eigum ekki fyrir þessum IceSave reikningum þá er ábyrgðin sú að hafa brugðist. Ef að til eru peningar fyrir þessu sem að ég, mér er sagt og ég auðvitað fylgist með að séu fyrir hendi þá verðum við ekki fyrir tjóni. Og ég er að vona að svo verði. Þannig að það er frá upphafi, hefur þetta verið þannig að þá var sagt að hérna að IceSave kostar íslensku þjóðina 600 milljarða, einhver segir þetta og svo bara, svo er þetta orðið bara fakta. Það er tekin skuldin en það eru engar eignir teknar með og maður segir, bíddu.

Sigmar: Nei, það er kannski vegna þess að það er kannski óljósara mál. Ég meina þetta er skuldbinding út af IceSave reikningunum.

Björgólfur Guðmundsson: Það er bara venjulegur sko, íslenska þjóðin hún auðvitað tekur lán erlendis til þess að borga alls konar framkvæmdir og annað, þetta er, og það voru bankarnir sem voru búnir að taka lánin áður, ríkið var tiltölulega ekkert skuldssett.

Sigmar: En við skulum fara aðeins yfir í stóru myndina.

Björgólfur Guðmundsson: Ég vil bara að það sé alveg klárt mál og ég vil ekki skilja við þetta þannig að við séum skildir eftir þannig að við höfum skilið eftir þjóðina í einhverjum 600, 700, 800 milljarða tapi. Við teljum og það er okkar von og ég get ekki bundið annað en það að það sé til fyrir þessu og meira en það. Og þetta er það, deilan var um lagasetninguna.

Sigmar: Já, en nú skulum við fara yfir í fleiri mál, hérna af hverju erum við í þessari stöðu, af hverju hrundi íslenskt fjármálakerfi og af hverju er íslenskt samfélag svona illa statt eins og í dag?

Björgólfur Guðmundsson: Já, ég hef auðvitað mikið hugsað um það af hverju við erum í þessari stöðu. Ef við værum einir í þessari stöðu í heiminum þá myndi ég kannski hugsa öðruvísi. Það er alheimskreppa og það er ekki hægt að fá lánsfé neins staðar sem við gengum að áður. Við höfum lokast inni, 20 lönd og þar af held ég öll G-8 löndin eða þessi lönd sem eru þróuðust hafa orðið að setja neyðar eða sett nýjar lagasetningar.

Sigmar: Ekkert þessara landa fer jafn illa út úr þessu og við, ekki eitt einasta?

Björgólfur Guðmundsson: Nei.

Sigmar: Ekkert land hefur lent í því að fjármálakerfið hafi hrunið í heilu lagi.

Björgólfur Guðmundsson: Þú segir það, nei það er alveg hárrétt.

Sigmar: Af hverju erum við í svona mikið verri stöðu?

Björgólfur Guðmundsson: Flest þessara landa gerðu hvað, hvort sem það var Bretland, Danmörk eða Holland eða Belgía, þau sögðu strax við ætlum að standa við bankana, við munum gera allt þess í fyrsta lagi að innlán séu trygg, númer 2 að bankarnir starfi og lendi ekki í vandræðum og meira að segja Frakklandsforseti sagði, enginn franskur banki á að fara á hausinn. Við höfum ekkert bakland, við erum með Seðlabanka hér sem að ja hann á enga peninga, hann fékk ekkert lán. Þannig að við sitjum uppi með íslenskar eignir.

Sigmar: Björgólfur, þið sem eruð að vinna á þessum markaði, þið getið varla varpað ábyrgðinni svona yfir á eitthvað kerfi vegna þess að þið vitið hvernig baklandið er. Þú kennir krónunni á einum stað í viðtali um að henni sé um að kenna. Þú veist það þegar

Þú ert að reka bankann að Seðlabankinn á X háan gjaldeyrisvaraforða, þú veist að bankakerfið er vaxið þjóðinni upp fyrir höfuð og þú veist að við erum með krónu. Af hverju getur, þetta er ekkert hérna einhverjar nýjar stærðir sem dúkka upp í fjármálakreppunni?

Björgólfur Guðmundsson: Að Seðlabankinn geti ekki útvegað peninga, að Seðlabankinn geti ekki sinnt skyldu sinni.

Sigmar: Að baklandið sé með þeim hætti sem það er. Nú er ég kannski aðeins að reyna að fá að hérna, þig til þess að leggja mat hvort að stöðumat ykkar öll árin hafi ekki verið rangt vegna þess að þið vissuð að þið væruð í íslenskri krónu, þið vissuð að gjaldeyrisvaraforðinn væri ekki nema 100, 200 eða 300 milljarðar á meðan bankakerfið var komið upp í 1.200 milljarða eða 12 þúsund milljarða, þið vissuð þetta allt og þá getið þið varla kennt einhverju umhverfi um, þið hegðuðuð ykkur ekki í samræmi við umhverfið. Er það ekki rétt ályktun hjá mér?

Björgólfur Guðmundsson: Ég er ekki að kenna umhverfinu um. Við höfum kannski verið áhættusæknir en á öllum tíma störfuðum við af heiðarleika og vorum að meta þessa stöðu og reyna að tryggja að það væri jafnvægi milli gjaldeyrisins og íslensku stöðunnar. Það var svo komið að við gátum, að Seðlabankinn var tómur þegar við, það voru engir peningar til þar og áttum við að sjá það fyrir.

Sigmar: Það hefðu aldrei verið til peningar í Seðlabankanum til að mæta þessu risavaxna bankakerfi?

Björgólfur Guðmundsson: Við teljum að við hefðum geta komist jafnvel í gegnum þetta ef að við hefðum bara fengið meiri tíma. Kerfið þurfti ekki að fara svona, kerfið þurfti ekki að fara svona að minum dómi. Það sem ég er að segja er að við auðvitað kannski spiluðum djarft og ég tek fulla ábyrgð. Ég er ekki að koma ábyrgðinni af mér.

Sigmar: Spiluðuð þið ekki alltof djarft, er það ekki kannski réttari nálgun?

Björgólfur Guðmundsson: Ég tel að svo sé ekki. Við vorum að undirbúa það jafnvel að fara með hluta erlendis. Við vorum orðnir mjög stórir en við skulum ekki gleyma því að það var svona stefna ríkisstjórnarinnar og annarra hér 2003-2004 að koma fleiri stöðum undir atvinnulífið og fjármálaviðskipti voru eitt af því sem að var talið að mætti koma inn í og þú þekkir þessar framatvinnugreinar. Við fórum á fullt í það og reyndum að standa okkur vel í því. Það má vera að við höfum verið full stórir og hefðum þurft að færa hluta af þessu erlendis en í góðri trú unnum við svona og það er alveg sama, Seðlabankinn hann fékk ekki fyrirgreiðslu. Hann fékk ekki fyrirgreiðslu og við þurftum alltaf, hvert einasta land verður alltaf að byggja á því að geta treyst því að Seðlabankinn geti komið inn i hlutina, það var ekki hér. Og hann var það ekki og gat það ekki og getur það ekki. Og auðvitað er það erfitt þegar að.

Sigmar: Ertu ekki alltaf svolítið að varpa ábyrgðinni yfir á einhverja aðra heldur en bankakerfið?

Björgólfur Guðmundsson: Ég er ekki að varpa, við erum að ræða Sigmar hvernig hlutirnir snérust. Jú, ég ef að, ef að, ég skal taka, ég tek alla ábyrgð á mig út af rekstrinum hjá okkur. Við töldum hann mjög góðan, töldum hann mjög öruggan og við vorum bara sem sagt í því að sem sagt að færa okkur til og við vorum að vinna í Bretlandi og við vorum að vinna í Hollandi í að færa þetta yfir í góðri svona samvinnu við þá aðila sem stjórna þessu, fjármálaeftirlit Breta, fjármálaeftirlit Hollendinga og hér heima. Við vorum alltaf að vinna með þessum mönnum og það voru alltaf upplýsingar og skýrsla á hverjum einustu, ég meina það lágu allar upplýsingar fyrir. En hvort við vorum of stórir íslenska bankakerfið, það má vera að við höfum verið of stórir og það getur verið að hérna það hefði þurft að taka á því fyrr. En við megum líka.

Sigmar: En af hverju þegar að menn eru í nauðvörninni þarna þessar helgar tvær.

Björgólfur Guðmundsson: Já.

Sigmar: Þá komið þið með tilboð um það að þá er ríkið búið að taka yfir 75% í Glitni, þá komið þið með tilboð um það að bankarnir sameinist, Glitnir, Landsbankinn og Straumur sem að miðuðust við það að hagr hluthafa Glitnis yrði alltaf ofsalega rýr og lélegur miðað við það sem hafði verið áður. Finnst ykkur sanngjarn að gera svoleiðis tilboð á þessum tíma?

Björgólfur Guðmundsson: Þegar að komið var að því og þegar að ákveðið er að fara svona í Glitnismálið þá sáum við að það var sko, það myndi kyrkja alla starfsemi á

Íslandi. Við sáum að okkar sæng var útbreidd um leið og átti að fara svona í Glitnir. Enda um leið og þetta var gert og menn töldu að ríkið væri komið inn í það þá fóru allar lánalínur hjá okkur. Erlendir aðilar bara treystu okkur ekki lengur og treystu nú ekki ríkinu lengur þannig að þetta var aðgerð sem var mjög, mjög erfið.

Sigmar: En það hefur verið nefnt við ykkur.

Björgólfur Guðmundsson: Við, við komum og það sem að við, ég er að kvarta yfir, ég er ekkert að, ég er ekki að losa mig við ábyrgð Sigmar, ég er að segja, ríkisvaldið, Seðlabankinn og ríkisvaldið sem á að halda utan um hlutina það var aldrei neitt gert til þess að koma umræðum af stað hvað getum við gert saman. Bankarnir tveir.

Sigmar: Það kom upp hugmynd um það að þið mynduð til dæmis Landsbankinn sameinast Glitni, það kom sú hugmynd upp í ágúst og þið slóguð á hana, tölduð að bankinn væri nógu sterkur til þess?

Björgólfur Guðmundsson: Hvaðan kom hún?

Sigmar: Ja, forsætisráðherra talar um þetta, hann sendi menn til ykkar til þess að nefna þá hugmyndir að Glitnir og Landsbankinn sameinist, þetta er í ágúst, áður en allt fer af stað. Þið höfnuðuð því.

Björgólfur Guðmundsson: Við vorum byrjaðir að, þetta er ekki rétt, við sögðum.

Sigmar: Forsætisráðherra segir þetta.

Björgólfur Guðmundsson: Já, þá er bara forsætisráðherra, ég hef ekki, sko forsætisráðherra, við vorum með hugmyndirnar um að sameina frá því í vor, þá vorum við að reyna að finna leiðir til þess að hvort það væri ekki rétt að sameina 2 banka eða 3 banka. Við heyrðum ekkert frá þeim svo þegar við heyrum þetta um helgina hvað þeir ætli að gera þá hugsum við sem sagt hvort við eigum ekki að koma hlutunum af stað, reyna að fá einhverja umræðu. Svo við hendum einu tilboði og öðru tilboði.

Sigmar: Voru þetta ekki bara allt að því ósvífin tilboð vegna þess að það gerði alltaf ráð fyrir því að Glitnismenn sem að áttu verðmætan eignarhlut í Glitni fengju nánast ekki neitt fyrir sinn snúð. Voruð þið ekki að notfæra ykkur einhverja neyð til þess að taka yfir í raun og veru Glitnishlutann án þess að þeir fengju sitt?

Björgólfur Guðmundsson: Við sendum tillögur og tillögur eru sendar þannig að síðan fara menn að ræða þær. Þær voru nú bara afgreiddar að þær væru bull og vitleysa bæði af held ég Seðlabankanum og.

Sigmar: Voru þær það ekki í ljósi þess að Glitnismenn fengu ekki mikið fyrir sinn snúð?

Björgólfur Guðmundsson: Það kom ekkert tilboð til baka, það var ekkert unnið í, þá átti að byrja að vinna hvernig, allt svo Seðlabankinn sagði bara rugl og síðan forsætisráðherra. Hann var ekkert að vinna í þessu sérstaklega forsætisráðherra. Ég veit ekki hvað hann segir núna en við sögðum við hann þá, við erum búnir að skoða þetta lengi og það er orðið þannig að það eru lánardrottinnar, það eru lánardrottinnar sem ráða ferðinni, við þurfum að semja við þá um hvort við getum sameinað bankana. Það eru, og þá verða íslensk stjórnvöld að koma inn í það og svo átti þetta bara að byrja umræðan. Síðan komum við með annað tilboð eða hugmynd, við erum alltaf að henda inn hugmyndum.

Sigmar: Því var ekki svarað eða?

Björgólfur Guðmundsson: Það var ekki svarað og það var alltaf sagt að þær væru rugl. Við auðvitað komum með tillögur sem okkur fannst vera svona bara ja, þess vegna hagstæðar en aðrir litu það ekki öðruvísi heldur bara að þær væru ómögulegar. Þeir sem áttu að vernda hagsmuni ríkisins eða þjóðarinnar þeir bara fengust aldrei til viðræðna, þetta var alltaf hent út sem einhverju það væri ekki hægt. Ég neita því algjörlega hér að við höfum ekki verið tilbúnir í alls konar viðræður. Bæði Kaupþing, Glitnir, við vorum alltaf að biða eftir einhverri forystu, forystu um hvernig í hverju landi, hvernig eigum við að taka á þessu máli.

Sigmar: Þú ert að lýsa hér hvað forystuleysi þá ríkisstjórnarinnar í þessu máli, þegar þeir voru að véla um þetta þessar helgar, Seðlabankans, hverra?

Björgólfur Guðmundsson: Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar. Við heyrðum bara ekkert

frá þeim. Við vorum að reyna að tala við þá en það kom ekkert frá þeim. Þeir voru sýnilega búnir að ákveða og það skryttna við þetta er það að það virðist hafa verið, þú sérð að menn koma í Seðlabankann á föstudegi til að biðja um lán sem að þeir eiga að greiða eftir 15 eða 17 daga. Og það er bara búið að afgreiða það á mánudegi og búið að klippa á það. Þessi tími vorum við að svona, hefði verið nægur til þess að bankarnir, setjast niður og reyna að búa til tillögu sem að við hefðum geta lagt sameiginlega fram hvernig svo sem fyrsta hefði.

Sigmar: Hefði þetta ekki allt hrunið hvort eð er?

Björgólfur Guðmundsson: Nei, það þarf ekki að vera.

Sigmar: Hefði ekki atburðarásin bara þá hverfst um einhvern annan hlut heldur en lánið til Glitnis eða yfirtökuna á Glitni?

Björgólfur Guðmundsson: Nei.

Sigmar: Ég meina þið voruð komnir í vandræði út af ferðaþjónustunni þarna úti og þið eruð í vandræðum út af Eimskip og þið eruð í vandræðum út af Icelandic?

Björgólfur Guðmundsson: Það eru allt vandamál sem eru á borðinu og hafa verið lengi og þau eru inni í bókunum það er ekkert nýtt. En ég er bara að segja við þig, lausnir voru aldrei ræddar. Við komumst aldrei að borðinu að reyna að tala við þessa aðila um það.

Sigmar: Ég verð að fá að spyrja þig líka af því að það er ekki mikill tími eftir, hérna peningamarkaðssjóðirnir, það nást ekki nema eitthvað um 70% út úr þeim til fólks sem er að leggja inn ævisparnaðinn sinn, sem er að leggja inn þau verðmæti, jafnvel litlu verðmæti sem það á. Hvernig má það vera að þessir sjóðir eru reknir með þeim hætti að svona lítið fæst, miklu minna í Landsbankanum heldur en í Glitni og Kaupþingi?

Björgólfur Guðmundsson: Ég held að aðalástæðan sé nú kannski sú, við vorum mikið í sko, bréf í bönkunum þau urðu verðlaus, bréf, bankabréf og allt, sem sagt hlutabréf í bönkum og öðru sem að ég til dæmis, ef ég tek mig sem dæmi, ég var með bréf í hérna, í, ég trúði því að Landsbankinn væri tryggustu fjárfestingar sem til væru og bankarnir.

Sigmar: En það reyndist ekki rétt, það reyndist ekki rétt, hann reyndist ótryggastur vegna þess að það er rosalega mikið af fólki sem er að tapa svo miklum verðmætum af því að þeir treystu ykkur, þeir fá ekki nema 70% til baka. Fólk er að missa arfinn sinn, fólk er að missa hérna ævisparnaðinn sinn, fólk er að missa svo mikið?

Björgólfur Guðmundsson: Við, okkar sjóðir hafa þá sem sagt fjárfest í bréfum sem við töldum vera tryggari heldur en aðrir sem reyndust ekki vera eins og ég og aðrir gerðum. Ég trúði því að Landsbankabréfin og bréfin væru það sterkasta, eða bara bréf í bönkum væri það sterkasta. Á einum degi fóru þeir niður í núll og það bara datt niður.

Sigmar: Já, já það gerðist hjá öllum bönkunum en samt er hægt að greiða miklu hærra hlutfall úr peningamarkaðssjóðunum í?

Björgólfur Guðmundsson: Já, það er spurning hvernig samsetning sjóðanna var. Nú þekki ég það ekki. Ég er ekki rekstraraðillinn, ég er sem sagt bankaráðsformaður.

Sigmar: Þú berð ábyrgð á þessu samt?

Björgólfur Guðmundsson: Já, ég ber fulla ábyrgð á öllu. Ég er ekki að koma mér frá ábyrgð. Ég er bara að reyna að segja hvernig þetta gerðist. Og auðvitað er það miður ef þetta fór svona. Ég vil þó kannski líka segja að hérna, að sjóðir eins og nokkrir sjóðir sem ég hafði afskipti af þeir voru náttúrulega búnir að hagnast töluvert mikið áður þannig að það er spurning hvernig var, hvaða fé var lagt í þá í upphafi. En að tapa svona miklu það er auðvitað grátlegt. En ég veit ekki alveg hvernig hérna, hvað voru upphaflegu peningarnir sem voru settir í þetta. En þetta fólk sem tapaði sínum sparnaði það hryggir mig, það hryggir mig og ég er full ábyrgur fyrir því.

Sigmar: Mig langar líka örstutt að spyrja þig, fólk í þínum banka, bankastjórinn einn er að fá 130 milljónir í árslaun, annar er að fá 80 milljónir í árslaun, það er maður þarna sem að rekur verðbréfasviðið sem er með 300 og eitthvað milljónir í árslaun.

Björgólfur Guðmundsson: Rétt.

Sigmar: Þetta er það sem við köllum ofurlaun.

Björgólfur Guðmundsson: Já, ég skil það.

Sigmar: Átti þetta fókl þsesa peninga skilið?

Björgólfur Guðmundsson: Ég hef nú oft velt því fyrir mér sko hvernig þetta varð til af því að ég hef aldrei þekkt svona og ég var ekki, ég var kosinn einu sinni á ári sem stjórnarformaður, sem sagt í bankaráðið og fékk mín laun þar og ég rak minn bíl sjálfur og ég bara, ég þekkti ekki svona hérna skulum við segja ofurlaun og annað. En hvernig það verður til og ég hef verið að velta þessu fyrir mér, er það þegar við förum í þessa erlendu útrás þá erum við að kaupa fyrirtæki sem eru í sama, sömu, kannski sama, hérna eru að gera það sama og við og þá eru yfirmennirnir þar á svo miklu hærri launum heldur en þessir sem voru heima sem áttu að stjórna og það gerir þetta svolítið.

Sigmar: Já, já en snýst þetta ekki frekar um það að það er til fullt af hæfu fólki sem er til í að mæta í vinnuna frá morgni og langt fram á kvöld án þess að það þurfi að fá 130, 150 eða 300 milljónir til þess að mæta í vinnuna?

Björgólfur Guðmundsson: Það getur.

Sigmar: Sko, eruð þið ekki bara búnir að spíra ykkur upp í eitthvað græðgisrugl, heitir þetta ekki það?

Björgólfur Guðmundsson: Jú, það má kalla það hvað sem er.

Sigmar: Er það ekki réttnefni?

Björgólfur Guðmundsson: Ja, ég mundi segja það, ég sjálfur.

Sigmar: Þú berð ábyrgð á því?

Björgólfur Guðmundsson: Ég ber ábyrgð á því en þetta var kerfi sem var búið til. Og það verður eiginlega til meira í kringum þessa útrás vegna þess að menn eru að tala um að þessi aðferð gildi hjá þessu félagi og þeir verði að vera eins.

Sigmar: En er þetta ekki lýsing á svolítið sjúku samfélagi?

Björgólfur Guðmundsson: Jú, það má vel vera, það má vel vera, ég tek alveg ábyrgð á því að þetta var, þetta var svona dálítil græðgi í þessu öllu saman.

Sigmar: Já, þú viðurkennir það?

Björgólfur Guðmundsson: Ég viðurkenni það og ég sjálfur persónulega hef aldrei kynnst svona. Ég, hérna eins og ég segi, ég fékk bara það sem ákveðið var á aðalfundi og ég réði ...

Sigmar: Reyndirðu aldrei að spyrna við fótum því að þetta er alveg gengdarlausar fjárhæðir?

Björgólfur Guðmundsson: Jú, ég réði bankastjórana en það var bara töluvert, sko þú segir nóg af fólki, ég veit það ekki. Ég vona að.

Sigmar: Það er til hellingur af góðu fólki sem vill vinna fyrir miklu minni pening?

Björgólfur Guðmundsson: Já, ég vona það, ég varð ekki var við það þá en ég réði ekki fólk skilurðu. Ég var bankaráðsformaður, öll viðskiptamál, mál þeirra sem að viðskiptavina nú og mál starfsmannanna eru á vegum sko yfirmanna þar. En auðvitað gat ég blandað mér inn í þetta og ég bara dauðsé eftir því að hafa ekki gert það. Ég bara skildi það ekki.

Sigmar: Örstutt í lokin, Davíð Oddsson var hérna í viðtali og hann talaði, við ætlum ekki að borga erlendar skuldir óreiðumanna. Ert þú einn af þessum óreiðumönnum?

Björgólfur Guðmundsson: Ja, veistu nema að hann sé að tala um féлага sína í Seðlabankanum eða ríkisstjórninni.

Sigmar: Ég veit ekki, tókstu þetta til þín?

Björgólfur Guðmundsson: Ég tók þetta ekki til mín, ég tók þetta ekki til mín vegna þess að ég segi aftur Sigmar og mér finnst mjög grátlegt, auðvitað eitt af því sem að gerði þetta mjög erfitt voru svona alls konar yfirlýsingar manna sem áttu ekki að vera að gefa yfirlýsingar og svona til dæmis yfirlýsing seðlabankastjóra ég hugsa að hún sé nú svona einsdæmi í heiminum en alla vega. Ég hef aldrei vitað hvort hann var að tala um féлага sína í Seðlabankanum, féлага sína í ríkisstjórninni eða féлага sína sem að stjórnðu kerfinu eða okkur. Hann verður þá bara að segja hverjir við erum. Davíð Oddsson verður að segja hverjir eru óreiðumenn. Erum við meiri óreiðumenn en þeir sem áttu að, sem að voru með kerfið. Ég er ekki að, ekki að afsala eða segja að ég sé ekki ábyrgur. Ég er ábyrgur.

Sigmar: En þú ert alltaf að benda á aðra líka?

Björgólfur Guðmundsson: Nei, ég er að tala, erum við ekki að tala um ástandið, hvernig getum við talað um það án þess að tala um þá sem að við áttum samskipti við.

Sigmar: En það er alltaf þannig í, þegar við erum að tala við fólk um þetta sem að eru persónur og leikendur í þessu að þeir vísa alltaf einhvern veginn ábyrgðinni á milli sín?

Björgólfur Guðmundsson: Nei, við erum að ræða hvernig hlutirnir gerast. Við gátum ekki starfað nema undir eftirliti Seðlabanka, Fjármálaeftirlits og ég get ekki talað um Landsbankann sem slíkan ef ég má ekki ræða eða get ekki rætt þá sem að voru okkar yfirmenn.

Sigmar: Þannig að ábyrgðin er, hún liggur víða þá, það er niðurstaðan?

Björgólfur Guðmundsson: Ábyrgðin liggur á mörgum stöðum og ég tek mína ábyrgð og en allra vega það er ekki hægt að neita því að ábyrgð þessara stjórnmalamanna, ég segi fyrir mig, það voru teknir, hérna Glitnir var tekinn, Landsbankinn tekinn, hefur þú séð einhvers staðar hvaða valkostir voru í stöðunni, hvernig var hægt að leysa þetta. Ég hef ekki séð það. Hefurðu séð einhver vinnuþlög hvernig þeir ætluðu að vinna úr þessu. Ég hef ekki séð það og það hefur enginn séð það. Ég spyr, hvers konar ákvarðanir eru teknar, á hvaða grundvelli, hvaða vinna er á bak við það bæði fyrir og eftir. Það hefur enginn fengið að vita þetta og ég segi, ég lýsi eftir því, ég lýsi eftir því hvernig sáu þeir þetta fyrir. Ég tel að það hafi verið farið kolvitlaust í þetta í bæði Glitnir sem að síðan tók hina bankana niður. Og það var aldrei reynt að ná samkomulagi eða búa til einhvern pakka sem hefði dugað okkur. Það voru bara sett neyðarlög og svo var þetta, einhverjir 2-3 menn, ég veit ekki hvernig, það veit enginn hvernig þetta gerðist við náðum aldrei í nokkurn mann.

Sigmar: Nei, það er hérna merkilegt að heyra það en hver er staða þíns sjálfs í dag, þú varst einn ríkasti Íslendingurinn hérna fyrir stuttu síðan. Ertu, hvernig ertu staddur í dag, ertu gjaldþrota?

Björgólfur Guðmundsson: Hún er mjög einföld, ég er ekki, ja ég er ekki alveg klár á minni stöðu en ég segi, bara til að útskýra það. Ég vildi helst fjárfesta í íslenskum félögum, ég, mitt áhugasvið var svona samfélagsmál og íslensk fyrirtæki og ég var hér. Ég fjárfesti í Landsbankanum, Eimskip og Icelandic sem er SH. Þetta var svona mín, Mál og Menning og svona. Ég hafði mestan áhuga á því. Staðan í Landsbankanum er auðvitað sú að ég átti 80 milljarða, ég á núll, Eimskip, það er allt farið, ætli það séu ekki 30 milljarðar þar, nú SH ég er búinn að tapa öllu þar. Þannig að ég er búinn að tapa, ég veit ekki hvernig uppgjörið litur út. En ég veit bara að ég átti mikið, nú skulda ég mikið og svo verður farið í uppgjör og ég veit ekki hvernig ég kem út úr því og ég ætla ekki að segja hér og nú að ég verði gjaldþrota eða ekki gjaldþrota. Ég veit bara eitt, ég er ekki alveg klár á því hvoru megin striksins ég verð og ég tek því. Mér finnst það bara allt í lagi að ég taki þessu, að ég tapi eins og aðrir. Mér finnst það bara eiginlega, mér líður vel en ég veit ekki hvoru megin striksins ég lendi og ég meina mín áhugamál voru eins og þú ert að tala um hvert fóru peningarnir, mitt áhugamál var Tónlistar- og ráðstefnuhúsið og Landsbankinn fjárfesti eða sem sagt fjármagnaði það. Ég hef kannski verið of hérna, sinnt of lítið þeim félögum sem ég átti í og hefði átt að gera það en svona er staðan í dag og hérna nú mun ég bara vinna með þeim aðilum sem að eiga þessar skuldir. En eignirnar bara voru teknar á einum degi og eru farnar. Svo ég veit ekki stöðuna en eins og ég segi, ég hef hérna séð ýmislegt í lífinu. Ég hef miklu meiri áhyggjur af fólki sem að varð fyrir meiri skerðingu en ég sem átti lítið sem ekki neitt og varð fyrir skerðingu, það er fólkið sem ég finn til með. Með sjálfum mér, ég hérna, ég get alltaf fengið vinnu við einhver góðgerðarstörf eða eitthvað slíkt, einhvers staðar þar sem ég passa.

Sigmar: Takk fyrir komuna Björgólfur.

Björgólfur Guðmundsson: Takk.



Handrit eru gefin út af Creditinfo

Hofabakka 9, 110 Reykjavík. Sími 550 9600, Fax 550 9601.

<http://www.creditinfo.is>

Osamningsbundin dreifing er óheimil.

Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið
info@creditinfo.is